

3.03 Umsókn um starfsleyfi fyrir fiskeldi og mengunarvarnir

Vinnsla starfsleyfis byggir á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Gjaldtaka vegna vinnslu starfsleyfis og vegna eftirlits er skv. gildandi gjaldskrá Umhverfisstofnunar.

Upplýsingar um mál

Málsnúmer: 2111396 Móttekið: 17.11.2021 13:49:35

Innskráður notandi

Nafn: Ævintýradalurinn ehf
Netfang: heydalur@heydalur.is
Kennitala: 6705024140
Símanúmer: 4564824

Samskipti

Svör og athugasemdir vegna þessarar umsóknar verða sendar á eftirfarandi netfang: heydalur@heydalur.is

Upplýsingar um rekstraraðila

Samkvæmt reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit á að skila inn gögnum skv. 6. gr. reglugerðar.

Nafn: Heydalur (Ævintýradalurinn)

Starfsstöð fyrirtækis

Ísafjörður

Símanúmer

4564828

Ábyrgðarmaður umsóknar

Gisli Pálmason

Netfang ábyrgðarmanns

gislipalma@yahoo.com

Tengiliður fyrirtækis ef annar en ábyrgðarmaður umsóknar

Lóa Hrönn Harðardóttir

Netfang tengiliðs

loahardar@gmail.com

Kennitala

6705024140

Póstnúmer

101 Reykjavík

Sími ábyrgðarmanns

8920809

Sími tengiliðs

8256465

Uppýsingar um atvinnurekstur

Sótt er um Landeldi (eingöngu er notast við ferskvatn sem að er látið renna sjálfkrafa í varanleg ker á landi án dælubúnaðar) Frárennsli frá starfsemi er losað (hakið við það sem við á)

Lýsið aðstæðum viðtaka (hvernig sjávar eða ferskvatnsviðtaki; innfjörður, við opið haf, ósar, lækur o.s.frv.)

Eftir hreinsun á vatninu er hluti af því endurnýttur, afgangur fer eftir lækjarfarvegi og út í skurð sem síðan rennur í á og til sjávar.

Lýsið tegund og umfangi atvinnurekstrar, sem og umfangi einstakra rekstrarþátta ef við á

Aquaponic Nú viljum við ganga enn lengra og fara í verkefni sem við köllum Sjálfbærni - alla leið og felst í því að rækta án mengunar og nota orku náttúrunnar til að búa til fisk og grænmeti. Viljum við vera öðrum til fyrirmyndar í grænni umhverfisstefnu. Á körunum eru gluggar þannig að hægt er að horfa inn í þau líkt og á fiskabúri. Við sjáum fyrir okkur að vera með fræðslu fyrir ferðamenn og skólahópa, um það hvernig rafmagnið verður til og sýnum dælurnar og tækin þar sem við tökum vindinn eða fallþunga vatnsins og hagnýtum okkur til að búa til mat.

Einnig verður smökkun á staðnum á reyktri bleikju og fersku grænmeti og mun fólki bjóðast að kaupa afurðirnar. En hvað er Aquaponic? Aquaponic er fiskeldi og gróðurhús tvinnuð saman. Plöntur nýta næringarefni frá fiski og vatninu er síðan dælt til baka hreinu og súrefnisbættu í fiskeldiskarið.

Orkan sem kerfið notar verður tekin úr bæjarlæknum og vindmyllu. Inn í kerfið fer vatn (6 l sek), sólarljós og raflýsing að vetri. Framleiðslan í byrjun er unnið með 75 m³ og 157 m³ steipt fiskikör og 2 x 200 fm gróðurhús og eitt vinnsluhús þar sem tækjabúnaður, sláturaðstaða, kælar og frystar og þess háttar verður til staðar. Framleiðslugeta af bleikju er ca 30 tonn á ári (19,9 tonna lífmassa) og gróðurhúsin geta framleitt allt að 40 tonn af ýmsu grænmeti og kryddjurtum sem ættu að gefa vestfirskum veitingahúsum og verslunum tækifæri á að fá ferskt salat og vörur allt árið. Yfir veturinn og ef lítil birta er yfir sumarið þarf að lýsa það sem á að framleiða með ledlýsingu. Dæla þarf vatninu úr gróðurhúsinu í vatnsmeðhöndlunarkerfi (loftun/súrefnisbæting) þaðan sem það fer í fiskeldiskarið. Vatnið frá fiskunum fer í gegnum tromlusíu og þaðan í lífsíu þar sem köfnunarefnisúrgangi fiskanna er umbreytt á aðgengilegra form fyrir plöntur (NH₄⁺ -> NO₂ ->NO₃). Orkan sem þarf til að lýsa gróðurinn og dæla vatninu er framleidd úr bæjargilinu (10 ? 30 kw) og vindmyllu (0 ? 12 kw). Ávinningurinn er sá að mengunin er nánast engin og allir hagnast. Ræktun miðast við hámark 20 tonna lífmassa af bleikju auk grænmetis í þremur gróðurskýlum. Fiskikörin verða sex, fjögur 9 m³, eitt 75m³ og eitt 157 m³. Öryggi Til að tryggja að fiskar sleppi ekki, verður komið fyrir tromlusíu. Net verður í karinu, síðan fer vatnið í hæðarstýringarstút með neti og úr honum fer það í tromlusíuna sem hreinsar vatnið og þaðan sem enginn fiskur getur sloppið. Þannig er þrefalt öryggi á því að fiskar sleppi ekki. Efsta karið er með seiðum svo eru flutt í eldiskarið og síðan er þeim hleypt í sláturkarið þar sem þeim er slátrað og næsta holli hleypt í sláturkerið.

Uppdrættir af staðsetningu

Afrit af staðfestu deiliskipulagi

Lýsið staðháttum við Mynd af starfseminni vinnslustað (rekstrarsvæði)

Umhverfisupplýsingar og útstreymisbókhald (eftir því sem við á)

Hvaða efni og orka eru notuð við framleiðsluna?

Fiskafóður, vatn (úr borholu og úr gili og endurnýtt) og rafmagn er það sem fer inn í kerfið. Fiskafóðursagnir og fiskúrgangur er hreinsað í tromlusíunni, sem síðan fer í gegnum gróðurhúsið og er fullhreinsað þar.

Hver er fyrirsjáanleg losun framleiðslunnar?

Plönturnar fara langt með að kolefnisjafna fiskeldið þannig að netto losun í andrúmsloftið er sáralítill. Grófefni er síað frá frárennslisvatni með tromlu sem einnig kemur í veg fyrir að fiskur geti sloppið. Það vatn sem ekki fer í gegnum gróðurhúsið mun innihalda tan og fosfór í litlu magni. Úrgangur úr jarðvegi er hverfandi.

Áhrif á umhverfið

Þauleldi á fiski er tilkynningarskyld starfsemi skv. 1. viðauka með lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Undir lið 1.11 B flokkur framkvæmda fellur þauleldi á fiski þar sem ársframleiðsla er 200 tonn eða meiri og fráveita er til sjávar eða þar sem ársframleiðsla er 20 tonn eða meiri og fráveita er í ferskvatn.

Undir lið 1.12 C flokkur framkvæmda fellur þauleldi á fiski þar sem ársframleiðsla er minni en 200 tonn og fráveita er til sjávar eða þar sem ársframleiðsla er minni en 20 tonn og fráveita er í ferskvatn

Veljið við það sem við á:

Starfsemin flokkast í C flokk skv. 1. viðauka

Ef ákvörðun Skipulagsstofnunar liggur fyrir skal velja það sem við á. Var starfsemin ákvörðuð matsskyld af Skipulagsstofnun?

Nei

Ef já látið skjal ákvörðunar Skipulagsstofnunar fylgja með.

Næsta spurning á við ef starfsemi hefur verið ákvörðuð matsskyld en hefur ekki lokið mati á umhverfisáhrifum (álit um matsskýrslu liggur ekki fyrir) áður en sótt er um starfsleyfi.

Hefur Skipulagsstofnun samþykkt að mat á umhverfisáhrifum verði unnið samhliða umsókn um starfsleyfi?

Ef já: Skal fylgja með staðfesting þess efnis frá Skipulagsstofnun

Ef starfsemin er í mati eða hefur lokið mati á umhverfisáhrifum þá skal svara eftirfarandi

Liggur álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum starfseminnar fyrir?

Ef já skal skjal álit fylgja með

Ef ekki liggur matsskýrsla fyrir mati á umhverfisáhrifum fyrir?

Ef já skal skjal matsskýrslu fylgja með

Athugið að Umhverfisstofnun getur unnið grunn af starfsleyfi en mun ekki ljúka vinnu við kafla um mengunarvarnir fyrir en álit Skipulagsstofnunar um matið liggur fyrir þar sem ákvæði mengunarvarna í starfsleyfi byggja á matinu.

Athugið að hægt er að skila inn skjali þar sem fjallað er um neðangreinda þætti, eða vísa í skjöl eða upplýsingar gefnar hér að ofan, í stað þess að fylla inn í reiti hér að neðan.

Lýsið uppruna, eðli og magni fyrirsjáanlegrar losunar í andrúmslofti, vatni og jarðveg. Taka skal fram hvers konar fóður er nýtt og hver sé fóðurstuðull eldisins

Sbr. hér að ofan, er fyrirsjáanleg losun í vatni, jarðvegi og andrúmslofti. Við munum nota bleikjufóður og fóðurstuðullinn er kringum 1,0.

Hver eru áhrif losunar á umhverfið?

Hvaða mengunarvarnir verða valdar til að hindra eða draga úr losun út í umhverfið?

Sjá hér að ofan.

Eldi sjávar- og ferskvatnslífvera með fráveitu til sjávar skal leggja fram tryggingu starfseminnar vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Hverjar eru áætlaðar aðgerðir til að fylgjast með losun út í umhverfið?

Lýsið tilhögun innra eftirlits vegna losunar út í umhverfið

Daglega er fylgst með kerfunum, súrefni mælt og ph og tan vikulega. Hreinsað úr tromlusíu daglega.

Lýsið ráðstöfunum til að koma í veg fyrir myndun úrgangs

Úrgangur er nýttur í hringrás Aquaponic. Fastefnin úr tromlusíunni verða þurrkuð og nýtt sem fosfórríkur áburður.

Upplýstu efnin nýtast í Aquaponic.

Lýsið tegund og magni úrgangs sem fellur til við framleiðsluna

Úrgangur, saur ætti að vera undir þremur tonnum á ári.

Lýsið því hvort aðferðir sem valdar hafa verið til að draga úr mengun, komi til með að valda mengun annarsstaðar

Þær aðferðir sem nýttar eru eiga ekki að valda mengun annars staðar.

Munu losunarþættir viðkomandi reksturs hafa í för með sér sammögnunaráhrif?

Á ekki við.

Annað

Sýniseintök af áætlunum til viðmiðunar:

Áætlun vegna rekstrarstöðvunar

Áætlun vegna bráðamengunar

Áætlun um meðhöndlun úrgangs - Dæmi

Áætlun vegna rekstrarstöðvunar

Samantekt sem er ekki á tæknimáli um þau atriði sem fram koma í umsókninni.

Annað sem umsækjandi vill koma á framfæri

Áætlun vegna varanlegrar rekstrarstöðvunar

Umsókn um starfsleyfi fyrir starfsemi sem getur valdið bráðamengun á hafi eða ströndum vegna eðlis starfseminnar og/eða nálægðar hennar við sjó og talin er upp í a-lið í viðauka I í lögum nr. 33/2004 um

varnir gegn mengun hafs og stranda skal auk þess fylgja:

Staðfesting á að starfsemin hafi tryggingu í samræmi við lög nr. 33/2004

Áhættumat vegna bráðamengunar hafs og stranda

Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda

Viðbragðsáætlunin skal byggja á (áhættumati)

Viðbótargögn

Áætlun vegna bráðamengunar

Áætlun vegna tímabundinnar rekstrarstöðvunar

Viðbótargögn